

Hvað er að vera mennskur?

Þetta er ein af þeim spurningum sem hver og einn er oft látinn glíma við í eigin hugskoti án umræðu

En full ástæða er til að gera ráðgátuna „maður“ að umræðuefni, til að mynda í samhengi við náttúrufræði, sögu og heimspeki.

Ólafur Halldórsson

Hvað er að vera mennskur?

Eru dýr mennsk?

Er mannfólkið dýr?



Ólafur Halldórsson

BETTER TO DIE ON
ONE'S FEET
THAN TO LIVE
ON ONE'S KNEES.
JEAN PAUL SARTRE



Jean-Poul Sartre heimspekingur

Sartre hélt því fram að maðurinn einn hefði gildi í veröld sem í sjálfu sér sé merkingarlaus án vitundar mannsins.

Maðurinn er það sem hann gerir úr sjálfum sér með vali sínu og gerðum.

Sartre áleit manninn vera ábyrgan fyrir eigin tilveru og því sem hann er. Maðurinn er dæmdur til að vera frjáls og bera fulla ábyrgð.

Maðurinn ræður sjálfur ferð sinni og hún stefnir ekki að neinu fyrirframgefnu marki. Tilvist mannsins og þróun stefnir út í tómið og það er hlutverk hans að gefa sinni eigin tilvist merkingu.

Vegna stórkostlegrar þróunarlegrar tilviljunar, sem gengur undir nafninu greind, berum við ábyrgð á framvindu lífsins á jörðinni. Við báðum ekki um þetta hlutverk, en við getum ekki skorast undan því. Ef til vill þössum við ekki í hlutverkið, en hér erum við og getum ekki annað.
Stephen Jay Gould



Ólafur Halldórsson

Mannfólkið -

- hefur komið sér fyrir á öllum búsvæðum jarðar
- náttúruleg heimkynni er hitabeltið
- hefur m.a.s. skroppið til tunglsins
- er sennilega einu dýrin sem skrifar og les um þróunarkenninguna, sagnfræði, kjarneðlisfræði og allt hitt
- útfærir alla hugsanlega afkima þekkingar
- - og það eru til sérfræðingar í matreiðslu, kynlífi, blómaskreytingum og eiginlega hverju sem er.



Ólafur Halldórsson

Fjórði jarlinn af Chesterfield, Philip Dormer Stanhope (1694 – 1773) var lítið hrifinn af kynlífi og nefndi þrjár ástæður fyrir því:

Það er stutt gaman, óheyrilega dýrt og stellingin afkáraleg.



Ólafur Halldórsson



Eiginlega er tegundin *Homo sapiens* nokkrar tegundir í einni – alhliða tegund sem hefur með nokkrum rétti verið líkt við svissneskan hníf

Ólafur Halldórsson

Mannfólkið er félagsverur, ekki síður en ættingjar þeirra og forfeður

Hver einstaklingur um sig er háður heildinni


Á hinn bóginn verða nýjar hugmyndir aðeins til í kollinum á einstaklingum



Ólafur Halldórsson



Slúður og spjall mannfóksins eru snar þáttur í tilvist þess sem félagsvera. Slúður er almennt spjall, kryddað óstaðfestum orðrómi um athafnir eða hagi annarra. Fréttaveita með afbökudum og óljósúm fréttum.



Darwin hélt því vist fram að mannfólkið væri komið komið af einhverskonar apaköttum og Freud að það væri með kynlíf á heilanum. Þokkalegir náungar þetta!

Ólafur Halldórfsson

Orka

Mannfólkinu hefur tekist að nýta orku langt umfram nauðþurftir. Samanþjöppuð sólarorka, bundin í kol og olíu er leyst úr læðingi. Okkur finnst eðlilegt en að aka um á bíl sem er knúinn af 150 hestafla vél! Einu sinni þótti þokkalegt að að beita tveimur hestum fyrir þessi umframorka er forsenda fyrir auknu frelsi og lífsgæðabyltingu á Vesturlöndum.

Fyrir tíma iðnvæðingar var orka að mestu fengin með striti láglau nastétta og dráttardýra. Hin ómælda orka iðnvæðingarinnar er einnig nauðsynleg fyrir efnisöflun og framleiðslu ódýrs neysluvarnings, sem er forsenda lífsgæðabyltingarinnar.

Ólafur Halldórfsson



Það er algengt viðhorf að náttúran sé mild, varðveiti og verndi, þar til maðurinn kemur askvaðandi með hina ónáttúrulegu græði sína og leggi hana í rúst. En þessi ógeðfellið einkenni okkar eru ekkert nýtt, ekki sérstök fyrir okkur og mjög náttúruleg. En þetta gerir þau ekki jákvæð. Þvert á móti ber að berjast gegn þessum einkennum. Öll dýr hafa skammtíma-hagsmuni sína að leiðarljósi. *Homo sapiens* er eina tegundin sem getur gert uppreisn gegn þessari almennu darwinisku hvöt. Við erum síðasta og besta von jarðar.

Heilar okkar lúta sínum eigin reglum, sem geta hafið sig yfir reglur náttúrulegs vals. Ég er ákafur darwinisti að því leyti að það er meginforsenda þess að átta sig á lífinu. Samt er ég ákafur and-darwinisti þegar kemur að mannlegum samfélagsmálum

Richard Dawkins



Ólafur Halldórfsson



Fólk hefur stundum átt í vandræðum með að svara þessum spurningum:
Hvað er að vera mennskur? Eru dýr mennsk? Er mannfólkið dýr?

Frakkland 1386: Gylta nokkur var dæmd fyrir morð á mennsku barni og tekin af lífi. Hún var klædd í föt fyrir aftökuna. Mörg dæmi eru um réttarhöld yfir dýrum á miðöldum. Alls réttlætis var gætt og dýrin fengu verjanda eins og hverjir aðrir sakborningar.

Ólafur Halldófrsson


St. Guinefort var uppi á 13. öld.
Fólki finnst það kannski undarlegt nú á tímum, en hans heilagleiki var hundur, sem fólk hét á til kraftaverka.

Ólafur Halldófrsson

Í okkur býr fluga...

Stór hluti af erfðaefni manna á sér samsvörun í erfðaefni flugna







Í fornum sögum er greint frá myndhöggvara nokkrum, Pygmalion, sem mótaði svo undurfagurt kvenlíkneski að hann varð ástfanginn af því

Ástargyðjan sá þá aumur á honum og vakti líkneskjuna til lífs

Ólafur Halldórsson



Þrælahald viðgekkst lengur í Suðurríkjum Bandaríkjanna en í Norðurríkjunum þar sem iðnvæðingin kom hraðar og fyrr til sögunnar

Ólafur Halldórsson



Vanalega er fólk friðsamt, en í átökum milli hópa eða ríkja getur grimmdin orðið skefjalaus

Ólafur Halldórsson

Stríð!

Upphaf siðmenningar var blóði drifið, og sköpun stórvelda fornaldr einkenndist af miskunarleysi og grimmd

Hernaðarsagan er afgerandi þáttur í sögu mannkyns síðustu árþúsundin og í þessu blóðbaði og slátrunum á fólki urðu til flestar þær þjóðir og menningarsvæði sem við þekkjum

Stríðsátök fornríkja voru eyðingarstríð þar sem engu var eirt. Þorp og borgir voru jöfnuð við hörðu og óvinaþjóðum sundrað. Fyrir kom að allir íbúar sigraðra borga væru drepnir. Að öðru jöfnu þótti þó hagkvæmara að nýta sigraða sem þræla. Vöðvafl þræla varð innspýting orku í samfélag sigurvegaranna

Stríð á okkar tímum eru léleg fjárfesting. Þau eru mjög kostnaðarsöm og yfirleitt háð í heiftaræði eða bjánagangi á útkjálkastöðum. Nú orðið lítur fólk almennt á stríð sem forneskju og óásættanlegt ástand. Fyrirmyndir og hetjur nútímans eru íbróttafólk og skemmtikraftar fremur en hersnillingar

Ólafur Halldórsson



Mannöld: Offjölgun, ófriður og óreiða.
Minnir á ísenskt heimili á 19. öld, eins og J. Ross Browne lýsti því

Ólafur Halldórsson



Ólafur Halldórsson

Eru þjarkar lífverur?

Hvort fólk hefur frjálsan vilja eða er flóknir lífrænir róbótar veit enginn með vissu en sjálf hugmyndin um frjálsan vilja er merkileg



Boston Dynamics




Ólafur Halldórsson

Telur að mannleg náttúra sé ekki fastmótuð og að ýmsar hugmyndir mannfólksins um sjálf sig, svo sem að það sé skyldurækið, siðrænt o.fl. virðist vera goðsögn. En hann segir að við þörfnumst þessarar goðsagnar:

...ef við viljum halda áfram að trúá því að við séum mennsk og réttlæta þá sérstöku stöðu sem við höfum sett okkur í – ef við viljum vera mennsk í gegnum þær breytingar sem við stöndum frammi fyrir þá er eins gott að við vörpum ekki fyrir róða goðsögn okkar um okkur sjálf, heldur förum að standa undir henni

Felipe Fernández-Armesto So You Think You're Human?

'Brilliant ... arrestingly readable' John Gray



Ólafur Halldórsson



Fingra- og handfimi mannfólksins er við brugðið, hvort sem um er að ræða nákvæmnisgrip eða kastgetu